




SKN-15	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 15		
21. janúar 2020		

Mættir:	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, Andri Steinn Hilmarrson, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda.
Forfallaðir:	
Staður:	Fundarherbergi N-101
Tími:	Kl. 12:00-13:00 Dags.: 21. janúar 2020

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p>Rekstrarniðurstaða ársins 2019</p> <p>Flosi formaður skólanefndar, setur fundinn kl. 12:00 og býður nýja fulltrúa nemenda velkominn.</p> <p>Tap á rekstri skólans nemur u.þ.b. 19 milljónum en fyrir því eru ýmsar ástæður.</p> <p>A) Húsaleiga skólans hefur hækkað úr 160 mkr. í 315 mkr. Samhliða fær skólinn þó hækkun í framlagi frá ríkinu úr 1.280 mkr. í 1.450 mkr. til að koma til móts við aukna leigu.</p> <p>B) Nemendum hefur fækkað. Þar sem skólinn fær greiðslur frá ríkinu í samræmi við fjölda nemenda hefur sú greiðsla lækkað.</p> <p>C) Skólinn er virkur í erlendu samstarfi og nýtir til þess ýmsa styrki s.s. Erasmus. Vegna reglna um bókhald ríkisstofnanna eru þessir styrkir hins vegar tekjufærðir árið 2018 en gjaldfærðir árið 2019 sem mynda ákveðna skekkju í bókhaldinu.</p> <p>D) Hár launakostnaður, þ.á.m. mjög mikil yfirvinna starfsmanna sem þarf að vinda ofanaf.</p> <p>Til þess að koma til móts við tap ársins mun skólinn fá að flytja uppsafnað eigið fé á milli ára en skólinn á uppsafnað eigið fé uppá u.þ.b. 76 mkr.</p>	<p>FE</p> <p>GEA</p>	<p>1 mín.</p> <p>20 mín.</p>

SKN-15	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 15		
21. janúar 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2.	Framtíð ferðamálaskólans	GEA	15 mín.
	<p>Árið 2019 var ferðamálaskólinn rekinn með 17 mkr. tapi og gert er ráð fyrir enn meira tapi á árinu 2020. Á síðasta ári var skólanum breytt í meira fjarnám með staðarlotum og miklum fjármunum eytt í að auglýsa námið. Þessar aðgerðir skiluðu aðeins tveimur nýjum nemendum. Vert er að taka fram að skólinn rekur annars vegar ferðamálaskólann og hins vegar leiðsöguskólann. Leiðsöguskólinn stendur undir sér en það virðist ekki vera markaður fyrir ferðamálaskólann miðað við dræma aðsókn. Í ljósi ofangreinds óskar Guðríður eftir stuðningi skólanefndar til að leggja niður ferðamálaskólann. Skólanefndin lýsir yfir stuðningi sínum. Formaður skólanefndar leggur til að skólanefndir feli skólameistara að vinna að því að leggja niður ferðamálaskólann og leggja þá áætlun fyrir nefndina þegar hún liggur fyrir. Nefndin samþykkir þá tillögu.</p>		
3.	Starfið á vorönn 2020	GEA	15 mín.
	<p>Þörf á því að valið á opnu brautinni verði þrengt. Nemendum hefur fækkað jafn og þétt síðastliðin misseri og ekki lítur út fyrir að það breytist. MK þarf að ákveða hvernig skóli hann vill vera. Viljum við að nemendum haldi áfram að fækka og að MK verði lítill skóli eða viljum við sækja fram og ná upp nemendafjölda? Ákveðið er að skólanefndin haldi vinnufund fimmtudaginn 6. febrúar 2020 til að leggja drög að breytingum á námsuppbyggingu skólans, fara yfir skylduval o.fl. og er formanni skólanefndar og skólameistara falið að undirbúa fundinn.</p>		
4.	Námskrárbreytingar	GEA	0 mín.
	Sjá umfjöllun undir dagskrárlíð nr. 3.		
5.	Aðsókn í skólann og fjárlög	GEA	15 mín.
	<p>Sjá umfjöllun undir dagskrárlíð nr. 2.</p> <p>MK hefur verið að taka á móti nemendum úr grunnskólum sem hafa setið framhaldsskólaáfangi. Tekinn hefur verið frá sérstakur stokkur í stundatöflunni fyrir þessa nemendur til að hagræðið verði sem mest fyrir þá uppá annað nám. Þetta hefur kallað á gríðarlega vinnu</p>		

SKN-15	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 15		
21. janúar 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	af hálfu MK sem og kostnað. Nú í janúar mætti aðeins rétt helmingur þeirra grunnskólanemenda sem skráðu sig í framhaldsskólaáfangu. Aðrir hættu við á síðustu stundu. Það varð því forsendubrestur hvað varðar rekstur þessara áfanga. Það þarf því að endurskoða hvort hætta eigi að bjóða grunnskólanemum þessa þjónustu vegna rekstrarhagræðingar eða hvort bjóða eigi þeim að sitja tíma með framhaldsskólanemum sem yrði hagræðing fyrir skólann en mögulega óhagræði fyrir grunnskólanemana sem þurfa þá að koma sér á milli skóla með litlum fyrirvara.		
6.	Önnur mál	FE	6 mín.
	<p>Fulltrúi nemenda sagði frá félagslífi nemenda. Verið er að reyna að bjóða uppá fjölbreyttari viðburði sem geta mögulega höfðað til fleiri heldur en hin hefðbundnu böll, s.s. pubquiz í skólanum í hádeginu, lazertag í skólanum o.fl.</p> <p>Fulltrúi kennara sagði frá því að smá úlfúð sé meðal kennara m.a. í ljósi breytinga á kennslufyrirkomulagi og yfirvinnu. Hins vegar væri árs hátíð starfsmanna skólans framundan og það væri góð skráning á hana.</p> <p>Formaður sleit fundi kl: 12:51</p>		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir